

Fréttabréf Þjóðræknisfélags Íslendinga, júní 2018

Ritstjórn: Ásta Sól Kristjánsdóttir og
Hjálmar W. Hannesson (áb.)

Aðalfundur ÞFÍ var haldinn í utanríkisráðuneytinu 12. apríl sl. Að loknum venjulegum aðalfundarstörfum þar sem gefin var skýrsla stjórnar um blómlega starfsemi 2017-2018 og ný stjórn var kjörin, voru flutt tvö fróðleg og mjög skemmtileg erindi.

Kjörin til tveggja ára 2017 í stjórn ÞFÍ voru Hjálmar W. Hannesson, formaður, Hulda Karen Daniélsdóttir, varaformaður, Gísli Sigurðsson, ritari og Soffía Óskarsdóttir, meðstjórnandi. Þau sitja því áfram. Erin Jones, meðstjórnandi og Þorvarður Guðlaugsson, gjaldkeri voru kjörin áfram í stjórn og Sigurður Rúnar Jónmundsson sitjandi varamaður var kjörinn meðstjórnandi, en Sandra Björg Ernudóttir var kjörinn varamaður. Halldór Árnason, fyrrum formaður fór úr stjórn og Egill Helgason baðst undan endurkjöri. Jón Gústafsson og Kristín M. Jóhannsdóttir voru áfram kjörin í varastjórn. Stjórnarmenn frá Norður Ameríku verða sem fyrr þau Jóel Friðfinnsson frá Manitoba í Kanada og Sunna Pam Furstenau frá North Dakota í Bandaríkjunum. Skoðunarmaður reikninga var endurkjörinn Sigurður Þórðarson.

Að loknu kaffihléi flutti Sunna Pam Furstenau, fráfarandi forseti Þjóðræknisfélags Íslendinga í Norður Ameríku (INL NA), erindið “Once Upon a Time” sem féll heldur betur í kramið hjá fundarmönnum. Sunna er einstök og tilfinningarík ræðukona og áhugamaður um sterk tengsl yfir hafið. Hún hefur unnið ómetanlegt starf fyrir INL NA og okkur öll. Við erum þakklát fyrir að fá að njóta starfskrafta hennar áfram.

Magnús Þór Þorbergsson flutti síðan stórskemmtilegt erindi um “Leiklistarstarfsemi Vestur-Íslendinga 1880-1950” og var afar athyglisvert að heyra hversu mikil og blómleg leiklistarstarfsemi var meðal íslensku innflytjemdanna í Norður Ameríku.

Stjórn ÞFÍ er fyrirlesurunum ákaflega þakklát fyrir fróðleg og skemmtileg erindi.

Þing Þjóðræknisfélags Íslendinga í Norður Ameríku (INL NA) var haldið dagana 26.-28. apríl sl. í Edmonton í kanadíska fylkinu Alberta. Beverly Arason-Gaudet var þar kjörin forseti í stað Sunnu Pam Furstenau og er óhætt að segja að þingið hafi verið óvenju glæsilegt. Þetta var 99. þing INL NA, en 100. þingið verður haldið í Winnipeg á Fairmont hótelinu 16.-19. maí 2019. Þar í borg var INL NA stofnað 1919. Ekki er að efa að margir félagsmenn ÞFÍ hafa áhuga á að taka þátt í 100 ára afmælinu. Hjálmar W. Hannesson form. ÞFÍ flutti kveðjur ÞFÍ og Halldór Árnason, form. Snorrasjóðs og Ásta Sól Kristjánsdóttir, verkefnisstjóri kynntu Snorraverkefnið. Margir fyrirlestrar voru fluttir, m.a komu óvenju

margir fyrirlesarar frá Íslandi: Sindri Sigurgeirsson, frá Bændasamtökunum, Sandra Mjöll Jónsdóttir-Buch frá HÍ og Platome Biotechnology, Kolfinna Von Arnardóttir, frá Reykjavík Fashion Festival, Hrafnhildur Gunnarsdóttir, kvikmyndagerðarmaður og Höskuldur Sæmundsson, frá Ölgerðinni. Frá Ottawa kom sendiherra Íslands í Kanada, Pétur ásgæirsson og fjallaði erindi hans um fullveldið 1918. Eva Ingólfssdóttir, vakti mikla hrifningu fyrir fiðluleik sinn.

ÞJÓÐRÆKNISÞING að Hótel Natura 19. ágúst 2018.

Dagskráin liggur nú fyrir og eins og sést er hún áhugaverð, fróðleg og skemmtileg. Allir eru velkomnir. TAKIÐ DAGINN FRÁ!



Þ J Ó Ð R Æ K N I S Þ I N G Hotel Natura,
sunnudaginn 19. ágúst 2018 kl. 14:00 - 16:30

1. Setning: Hjálmar W. Hannesson, formaður ÞFÍ.
2. Stutt ávörp:

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra.

Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður.

Anne-Tamara Lorre, sendiherra Kanada á Íslandi.

Jill Esposito, varasendiherra Bandaríkjanna á Íslandi.

Beverly Arason frá Edmonton, nýr forseti INL NA.

Commander Douglas Hanson, U.S. Navy (Ret.): "Discovering My Icelandic Story."

Tónlistaratriði - Voces Thules .

3. Kaffihlé í boði ÞFÍ.

4. Erindi:

Eliza Reid, forsetafrú, "My Iceland Story."

Jakob Þór Kristjánsson, "V.Íslenskir piltar í víti fyrri heimstyrjaldarinnar." Stutt kynning á Icelandic Camp norður af Gimli í Manitoba sem starfað Hefur í 45 ár (Brad Hirst eða fulltrúi hans).

Ásta Sól, verkefnastjóri fjallar um Snorraverkefnin á tímamótum.

Ungir Íslenskir þátttakendur í Snorra West verkefninu fjalla um ferð á Íslendingaslóðir í Vesturheimi.

Þingforsetar: Hulda Karen Daníelsdóttir og Svavar Gestsson.

Séra Rögnvaaldur Pétursson var einn stofnenda INL NA og fyrsti formaður. Hann var frjálslyndur Únitari og fyrsti prestur Únitarakirkjunnar í Winnipeg. Um hann má lesa nánar hér: http://www.mhs.mb.ca/docs/people/petursson_r.shtml . Árið 1934 var dr. Jakob Jónsson í Winnipeg og árin 1935-1940 þjónaði hann í svonefndri Vatnabyggð í Saskatchewan. Jakob kynntist sr. Rögnvaldi og kunni vela að meta. Sr. Jakob hafði innrammaða mynd af sr. Rögnvaldi uppi á skrifstofu sinni áratugum saman. Nú hefur sonur hans, dr. Þór Edward Jakobsson, fært ÞFÍ þessa mynd að gjöf. Við það tækifæri var þessi mynd tekin er form. ÞFÍ tók við gjöfinni. A